



Upplýsingabréf 1

Þema – Ólíkir heimar

Fyrir langa löngu varð tímamóta uppgötvun í vísindum þegar kom í ljós að allt í kringum okkur eru ólíkir heimar þar sem fjölbreytt og áhugavert fólk lifir sínu lífi. Með tímanum og aukinni vitneskju náðum við að opna hlið milli heima sem leyfir fólki að ferðast á milli og kynnast öllum þessum ólíku heimum.

Heimarnir eru ólíkir og búa allir yfir ákveðnum eiginleikum sem sjá má endurspeglast í fólkinu. Skátar hvers heims hafa þróað sína styrkleika út frá sínum eiginleikum. Síðan þá hefur tíminn liðið, skátafélög dafnað og lífið gengið sinn vanagang.

Allt í einu fara öll skátafélög, þvert á heima, að heyra á sig kallað. Þau vita ekki hvaðan kallið kemur en finna hjá sér þörf að svara kallinu og leggja því af stað í leiðangur með allt sitt hafurtask, verndargripinn sinn, félagseinkenni og búnað.

Leiðangurinn mun leiða þau á Úlfjótssvatn sumarið 2024, þar sem þau munu sjá skátafélög frá ólíkum heimum koma saman, lenda í ævintýrum og uppgötva af hverju kallið kom!

Hér getur þú séð meira um ólíku heimana og frá hvaða heimi þitt skátafélag er.

Verndargripurinn

Við höfum lifað lengi í okkar eigin heimum, þar sem við þekkjum hvern krók og kima, þar höfum við ríkjandi hefðir og kunnum vel við okkur. Nú þegar við heyrum kallið fylgjum við auðvitað ævintýrainnsæi skátans, þökkum öllu okkar hafurtaski og leggjum af stað í skemmtilegt ferðalag!

Einn af mikilvægasti hluturinn til þess að taka með í ferðalagið er verndargripurinn okkar, en hann kemur með í öll okkar ferðalög og ævintýri. Ef þú veist ekki hvað verndargripurinn er, lestu þá áfram.



Verkefni skátafélagsins fram að Landsmóti skáta 2024

Hvert skátafélag útbýr sinn verndargrip sem það fer með í öll sín ferðalög fram að Landsmóti skáta 2024. Verndargripurinn verður að sjálfsögðu einnig með í för á mótið sjálft!

Fyrsta skrefið er að búa til eða verða sér úti um verndargrip fyrir félagið. Verndargripur félags getur verið af ýmsu tagi, til dæmis eitthvað úr náttúrunni, stytta, tuskudýr, gríma, göngustafur, tálgaður munur eða hvað sem félaginu finnst endurspeglar félagsandann best. Verndargripurinn þarf að endurspeglar þann heim sem félaginu hefur verið úthlutað ásamt því að vera skreyttur í anda skátafélagsins. Það má vera gert með merki félagsins, einkennislitum eða öðrum táknmyndum félagsins. Að lokum á verndargripurinn að bera merki Landsmóts eða Bandalags íslenskra skáta. Verndargripurinn getur svo tekið breytingum á mánuðunum fram að landsmóti eftir því hvaða ævintýrum hann lendir í á ferðalaginu.

Ævintýri með verndargripinn með í för

Í aðdraganda Landsmóts skáta verða gefin út ýmis verkefni sem skátafélagið er hvatt til þess að leysa. Þessi verkefni eru hvatning til útivistvar og ævintýra sem eru hluti af stóra ferðalaginu á Landsmót skáta. Félagið, sveitir, flokkar eða einstaklingar innan félagsins skiptast á að taka verndargripinn með í öll þau útivistar ævintýri sem þau fara í fram að móti. Með því að hafa verndargrip félagsins með í för getur félagið safnað inn stigum en verðlaun verða veitt á mótinu fyrir flest stig. Að auki fá öll félög sem taka þátt viðurkenningu fyrir skemmtilegt og spennandi ferðalag á Landsmót skáta 2024.

Um þátttöku í þessu ævintýralega ferðalagi gilda eftirfarandi reglur:

1. Ævintýrið eða áskorunin verður að vera útivistarverkefni til þess að teljast til stiga
2. Verndargripurinn verður að vera með í för
3. Ljósmynd skal tekin til sönnunar á framkvæmd verkefnis og verndargripur félagsins verður að vera með á myndinni


Við hvetjum ykkur til þess að deila öllum ævintýrum með verndargripnum á samfélagsmiðla ykkar og skátafélagsins, tagga Skátana og Landsmót með myllumerkjunum #skátarnir og #landsmotskata24.

Fyrsta verkefnið

Hér er fyrsta verkefnið vetrarins, náttúrubingó. Það felst í því að skátarnir fái að upplifa eða gera sjálf hluti sem koma að góðum notum í undirbúningi fyrir landsmót og þið getið nýtt ykkur verkefnið á skátafundum, í útilegum eða jafnvel í dagsferðum. Munið bara að hafa verndargripinn með í för og smellið einni mynd!



Náttúru BINGÓ

Fjall	Sigla	Vatn	Snjór	Úti eldun
Úti leikir	Tjald	Hike	Útilega	Súrra
Norður- ljós	Rigning	 landsmót skáta 2024	Sól	Hellir
Laug	Viti	Varða	Útsýnis- skífa	Foss
Skógur	Lækur	Annar verndar gripur	Klifur Sig	Stjörnur



SKÁTARNIR



SKÁTARNIR

Bandalag íslenskra skáta

Hraunbæ 123 • 110 Reykjavík • Sími: 550-9800 • www.skatomot.is



Almennar upplýsingar

Landsmót skáta 2024 verður haldið dagana 12.-19. júlí 2024 á útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni. Þátttakendur* á Landsmóti skáta er drekaskátar**, fálkaskátar, dróttaskátar og rekkaskátar. Mótsgjaldið er 83.000 kr og í því er innifalið öll dagskrá, matur og utanumhald mótsins. Mótið skal að fullu greitt fyrir 2. maí 2024. Staðfestingargjald er 20% af mótsgjaldi og fæst ekki endurgreitt ef hætt er við þátttöku eða viðburður fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum. Fyrir hverja 10 skráða þátttakendur fá skátafélög einn frían foringja og svo bætist við 69.000 kr þáttökugjald fyrir hvern foringja umfram það.

Systkinaafsláttur er svo að fyrsta skráða barn greiðir fullt mótsgjald og næstu systkin eftir fá 10% afslátt af sínu mótsgjaldi.

*Þátttaka á Landsmóti skáta er skilyrt því að það komi fararstjórn frá þínu skátafélagi á skátamótið.

**Athugið að það fer eftir hverju skátafélagi hvort og hvernig drekaskátar taka þátt. Sum félög ætla að bjóða drekaskátum að koma í fjölskyldubúðir, sum ætla að bjóða þeim með í tjaldbúð og sum ætla að bjóða drekaskátum að koma í heimsókn. Vertu viss hvernig skátafélagið þitt tekur á móti drekaskátum fyrir skráningu.

Dagskrá

Dagskráin á mótinu verður ekki af verri endanum þar sem skátar ólíku heimana koma saman og tengjast í gegnum fjölbreytta dagskrá. Eiginleikar hvers heims fá að njóta sín og styrkleikar skátana munu koma að góðum notum auk þess sem skátarnir munu sanka að sér nýrri vitneskju og upplifa ný ævintýri.

Dagskrátorgin eru fjögur:

- **Göngutorg** – hér fá skátarnir tækifæri á að ganga í gegnum ólíka heima
- **Samfélagstorg** – það skiptir ekki máli frá hvaða heimi þú kemur, skátar hafa alltaf það markmið að skilja við staðinn sem þau eru á betur en þau komu að honum og því munum við vinna saman að því á mótinu
- **Þrauta- og metatorg** – stórleikir, skemmtun og brjálað stuð einkennir þetta þorp
- **Sköpunartorg** – hér fá skátarnir tækifæri á að skapa það sem ímyndunaraflið þeirra láta ímyndunaraflið sitt



Valdagskráin verður spennandi og fjölbreytt þar sem skátarnir fá tækifæri á að prófa ýmsa skemmtilega hluti á borð við:

- Klifurvegginn
- Vatnasafarí
- Kíkja á Skátasafnið
- Skella sér á báta
- Kanna hvað við heyrum úr heiminum í gegnum Radíóskáta

landsmót
skáta 2024

Skráning er hafin

Skráning er hafin á skraning.skatarnir.is og lýkur 16. febrúar! Hlökkum til að sjá ykkur á Úlfjótuvatni næsta sumar!

Kveðja,

Mótsstjórn Landsmóts skáta 2024



SKÁTARNIR

Bandalag íslenskra skáta

Hraunbæ 123 • 110 Reykjavík • Sími: 550-9800 • www.skatamot.is